

SAMPYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps nr. 798/2013.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. samþykktarinnar:

- a) 2. tölul. A-liðar greinarinnar fellur brott og númeraröð annarra töluliða breytist í samræmi við framangreint.

- b) 5. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Húsnaðisnefnd. Sveitarstjórn fer með verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Sveitarstjórn er heimilt að fela fastanefndum hlutverk nefndarinnar.

- c) 10. tölul. greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og skólapjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings. Sveitarstjórn Flóahrepps kys einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Ánessýslu (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi.

Fulltrúi Flóahrepps í yfirstjórn (NOS) hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skóla- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustusvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og nefndin skóla- og velferðarnefnd Árnesþings.

Fulltrúar í skóla- og velferðarnefnd Árnesþings eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélagini Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.

Skóla- og velferðarnefnd Árnesþings fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraðra skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa. Nefndin fer með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

- d) 11. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

- e) Við greinina bætist nýr tölul. sem verður 15. tölul. svohljóðandi:

Jafnréttisnefnd. Sveitarstjórn fer með jafnréttismál skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Nr. 147

27. janúar 2014

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 27. janúar 2014.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2014